

127. fundur í skólanefnd ME
haldinn þriðjudaginn 1. desember 2015 kl. 17:00
í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Skúli Björn Gunnarsson, Anna Björk Guðjónsdóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Halldór Warén sem varamaður fyrir Gauta Jóhannesson en hann og Esther Gunnarsdóttir boðuðu forföll.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Hlynur Ármannsson, Steinunn Snædal og Rebekka Karlsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn: Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 2. Staðfesting fundargerðar 126. fundar**
- 3. Fjárhagsáætlun ME 2016**
- 4. Starfsmannamál vegna vorannar 2016**
- 5. Umbótaáætlun í starfsmannamálum**
 - Framhaldsumræða og afgreiðsla
- 6. Fréttir af félagslífi nemenda**
 - Málþing um Pésann o.m.fl.
- 7. Önnur mál**

Formaður setti fund kl 17:05. Gengið var til dagskrár.

1. Staðfesting fundargerðar 126. fundar

Fundargerð 126. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var nú undirrituð af þeim fundarmönnum sem voru viðstaddir.

2. Fjárhagsáætlun ME 2016

Skólameistari kynnti fjárhagsáætlun 2016 og fór yfir stöðuna fyrir yfirstandandi ár. Óvænt launahækkun riðlaði áætlunum um þessi mánaðamót, tilkomin vegna tenginga kennarasamninga kennara við aðra samninga á vinnumarkaði. Því er útlit fyrir að árið endi í mínus þó að öðru leyti sé reksturinn í samræmi við áætlun. Í fjáráukalögum fyrir 2015 eru um 5 milljarðar tilteknir vegna launahækkana ríkisstarfsmanna og ætti ME að fá sína leiðréttingu vegna launahækkana gegnum fjármálaráðuneytið. Fjárheimildir ársins með tekjuliðum eru 432 m.kr.. Sértekjur ársins eru uppá 46,6 m.kr. sem er um 10 m.kr. hærra en áætlun gerði ráð fyrir, þar munar mestu um auknar tekjur af fjárnámi sem kallar reyndar einnig á meiri útgjöld. Það eru líkur til að reikningsárið verði í jafnvægi, svo fremi að eitthvað detti inn á reikning ME af fjáráukalögum vegna launahækkana.

Áætlun fyrir 2016 er nokkuð sambærileg við áætlun 2015 utan hækkun á launalið um rúmar 20 m.kr. Þó er gert ráð fyrir minni fjármunum í erlent samstarf og nokkra aðra rekstrarþætti. Heildargjöld eru áætluð um 473 m.kr. en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að fjárheimild skólans sé 412 m.kr. Sértekjur eru áætlaðar 47 m.kr. og mismunurinn færður í áætlun sem annað. Eins og farið var yfir á síðasta skólanefndarfundum er ljóst að fjárheimildin sem miðast við 276 ársnemendur eru of lág þar sem ársnemendur eru um 300.

Skúli Björn gat um fund sem hann og skólameistari áttu með þingmönnum NA-kjördæmis varðandi mögulegar leiðréttingar vegna fjarnáms og hækkun á heimild í frumvarpi fyrir 2016. Helgi Ómar sagði að skólameistarar hefðu einnig átt sérstakan fund með fjárlaganefnd. Ekki liggur fyrir hvort þetta skilar einhverju inn í frumvarpið fyrir 2. umræðu þar sem breytingartillögur eru enn í umfjöllun hjá fjárlaganefnd.

3. Starfsmannamál vegna vorannar 2016

Skólameistari fór yfir áætlaða kennsluþörf á vorönn. Það vantar rúmlega eina stöðu í náttúrufræðigreinar á vorönn og er verið að leita að kennurum vegna þeirra áfanga. Þá eru líkur á einhverjum samdrætti í stöðugildum vegna nemendafækkunar en starfskraftar verða nýttir í fjarnámskennslu og fleira.

Kennarar eru að tímamæla vinnu sína vegna vinnuáætlunar og súa vinna mun standa fram á vorið og útlit fyrir að það taki enn lengri tíma að innleiða vinnuáætlun. Í tengslum við þetta var rætt um betri frammistöðu nemenda í stærðfræði eftir breytingar sem gerðar hafa verið í þá veru að mismunandi grunnáfangar eru kenndir á mismunandi brautum.

4. Umbótaætlun í starfsmannamálum

Framhaldsumræða um umbótaáætlun í starfsmannaáætlun sem Elín Rán fór ítarlega yfir með skólanefnd á síðasta fundi. Skólanefnd samþykkir þessa áætlun fyrir sitt leyti og telur hana metnaðarfulla. Nefndin leggur til að áætlunin verði kynnt starfsmönnum í framhaldinu en leggur áherslu á að þetta sé lifandi plagg sem tekur breytingum og uppfærslum eftir þörfum.

5. Fréttir af félagslífi nemenda

Rebekka, áheyrnarfulltrúi nemenda og formaður NME, kynnti það helsta í félagslífi nemenda. Sérstaklega var rætt um málþing sem nemendafélagið stóð fyrir um Pésann (slúðurfréttablað nemenda) en það framtak komst í fjölmiðla. Um 60 manns mættu á málþingið. Afrakstur þess er meðal annars sá að til stendur að gjörbreyta ásjónu Pésans og stefnt er að útgáfu veglegs skólablaðs. Skólanefnd hrósaði nemendum fyrir þetta framtak sem vakti athygli á landsvísu.

Undirbúningur fyrir Desinn (árshátíð nemenda), sem haldinn verður föstudaginn 4. des. n.k., gengur að óskum og allir endar eru vel hnýttir þó að forsala miða mætti ganga betur. Starf nemendafélagsins er annars með miklum blóma og mikið starf er unnið í félagsmálum hjá stórum hópi nemenda. Skólanefnd sagði það til fyrirmyndar og metnaður í Morfís og Gettu betur sem og málþingið um Pésann væri allt til þess fallið að vekja jákvæða athygli á skólanum.

6. Önnur mál

a) Staða skólameistara auglýst

Skólameistari greindi frá því að hann hefði sent bréf til menntamálaráðherra þar sem hann segði upp störfum frá og með 1. ágúst 2016 þegar ráðningartíma hans lýkur. Starf skólameistara Menntaskólans á Egilsstöðum verður því auglýst til umsóknar á vorönn 2016. Formanni skólanefndar falið að fylgja því eftir að starfið verði auglýst fljótlega á nýju ári.

b) Samstarf við VA

Skúli Björn sagði frá því að samstarf ME og VA væri í farvegi og t.a.m. hefðu skólameistarar fundað með grunnskólum í Fjarðabyggð um stærðfræðikennslu

sérstaklega. Þá væru sameiginleg kynningarmál framhaldsskóla á Austurlandi í vinnslu. Til stóð að fara af stað með kynningu á framhaldsskólum og öðru námi í fjórðungnum í samstarfi við Austurbrú í haust. Það frestaðist þar sem bæði í ME og VA komu til starfa nýir námsráðgjafar. Skólameistarar hafa verið minntir á að fylgja þessu verkefni eftir og koma því í framkvæmd á vorönn. Þó að takist að halda kynningar í grunnskólum telur skólanefnd samt rétt að halda áfram að taka á móti grunnskólanemendum þegar Skólahreystimótið fer fram líkt og verið hefur undanfarin ár. Framkvæmd þeirrar móttöku má þó alltaf bæta. Mikilvægt er að þessi mál verði í föstum skorðum þannig að allir viti hver gerir hvað.

c) Samstarf við VA

Næsti fundur skólanefndar verður á Opnum dögum í kringum 10. – 12. febrúar 2016 og þá er gert ráð fyrir að kynna sér skólastarfið aðeins og snæða hádegisverð.

Fleira ekki, fundi slitið kl 18:30

Fundargerð ritaði Árni Óla